

Ferð á Tindafjallajökul

17.-22. júlí 1953

Ekið með 6 enska stúdenta frá Durhamháskólanum austur að Fljótsdal í Fljótshlíð föstudaginn 17. júlí. Þeir munu mæla Tindafjallajökul í sumar.

Næsta dag 18. júlí gengu leiðangursmenn upp í skála fjallamanna í Tindafjöllum. Guðmundur bóndi í Múlakoti flutti farangur þeirra á hestum.

Sunnudaginn 19. júlí gengið á fjallstinda upp úr og umhverfis Tindafjallajökul og Fríhyrningapunktur valdir.

Mánudaginn 20. júlí var grafinn snjógrýfja við snjósmælistöng nr. 1 (aluminium). Vetrarsnjólag 240 cm, eðlisp. 0,67. Vatnsgildi 1600 mm.

Frá 7/6 '53, er Jón Eypórsson og Ari Guðmundsson mældu við stöng nr. 1 og til 20. júlí, var leysingin 103 cm. Við stöng nr. 2 var leysingin á sama tíma 211 cm. Við stöng nr. 3 var leysingin á sama tíma 124 cm.

Merki (númera plötur) voru sett á stengurnar og þær keyrðar lengra niður í jökulinn, mælt var á ný frá merki að yfirborði snævarins.

Stöng nr. 1	álestur	110 cm	(160 cm í snjó)
" "	2	" 121 "	(134 cm í snjó)
" "	3	" 45 "	(162 cm í snjó)

Föst merki

Fleygbolti settur í klöpp norðan við megin jökulinn, auðvelt að hallamæla þaðan þvert yfir jökulinn. Lagður grunnur að vörðu á klettahaus á milli jökultungnanna, sem ganga niður

í Austurdal. Borað fyrir fleygbolta í öðrum klettahaus þar  
skammt neðar. Þá var valinn staður fyrir fleytbolta sunnan  
í klettahaus (þar sem Jón Eypórsson skildi ísborinn eftir  
7/6 sl.). Á þríhyrninga stöðum verða einnig hlaðnar vörður.

23. júlí 1953.

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'J. P. A.' with a long horizontal stroke extending to the left.